

Menningardagskrá fyrir skólahópa í Garðabæ, haust 2020.

Á þeim tímum þegar menningarviðburðir fyrir fjölskyldur verða ekki með sama sniði og venjulega sökum Covid-19 er enn brýnna en áður að bjóða skólahópum upp á innihaldsríka dagskrá utan skóla. Eftirfarandi dagsskrá verður í boði fyrir skólahópa:

Leikskólanemendur í sal Tónlistarskóla Garðabæjar

Dúó Stemma syngur og leikur á fjölmörg hljóðfæri, bæði hefðbundin og heimatilbúin svo sem hrossakjálka og skyrdósir. Þau Herdís Anna Jónsdóttir víóluleikari og Steef van Oosterhout slagverksleikari hafa áralanga reynslu af því að virkja ung börn til þátttöku í tónlistarleikhúsi en þau eru fastráðnir hljóðfæraleikarar í Sinfóníuhljómsveit Íslands. Í dagskránni er saga krumma sögð með tónlist og leikmunum sem heilla alla og veita gleði. Gert er ráð fyrir að allir nemendur elstu deilda leikskólanna taki þátt eða um 450 börn.

Sýningar á eftirtöldum dögum:

2., 9., og 16. október

13. og 20. nóvember

Bókanir sendist á: olof@gardabaer.is

1.- 4. bekkur í sal Tónlistarskóla Garðabæjar

Hrekkjavökujazz með Leifi Gunnarssyni kontrabassaleikara, Ingibjörgu Fríðu Helgadóttur söngkonu og Sunnu Gunnlaugsdóttur píanóleikara. Dagskráin er ekki aðeins skemmtun heldur einnig fræðsla um jazztónlist sem er etv. sú tegund tónlistar sem börn þekkja minnst. Tónlistarmennirnir setja tónlistina í ákveðin búning sem börnin tengja við og þannig læðist inn þekkt jazztónlist svo úr verður skemmtun sem börnin læra af. Gert er ráð fyrir að öll börn í 1.-4. bekk sækji tónleikana eða alls 923 börn.

Tónleikar á eftirtöldum dögum:

3., 4., 5. og 6. nóvember

Bókanir sendist á: olof@gardabaer.is

5.-7. bekkur í Hönnunarsafni Íslands

100% ull er sýning sem fjallar um íslenskan ullariðnað og möguleikana sem íslenska sauðkindin gefur okkur. Nemendum er boðið í leiðsögn og spjall um sýninguna og í kjölfarið í smíðju þar sem ull verður efniviðurinn. Heimsóknin verður því bæði fróðleg en einnig fær sköpunarkraftur nemenda að njóta sín. Myndmenntakennari auk sérfræðings á Hönnunarsafni taka á móti einum bekk í senn, alls 855 börnum.

Dagsetningar heimsókna frá 21. september – 13. nóvember.

Bókanir sendist á: olof@gardabaer.is

8. – 9. bekkur í Sveinatungu

Rithöfundurinn Gunnar Helgason fjallar um hvernig hugmyndir og hugsanir, reynsla og lífið sjálft verður að bók. Unglingum gefst færi á að spjalla við höfundinn, spyrja spurninga og fá opin og hreinskilin svör sem gætu komið krökkunum til að skrifa sinn eigin texta. Í kjölfarið yrði efnt til smásagnasamkeppni meðal nemenda, dómnefnd með Gunnari Helgasyni og Bjarna Bjarnasyni fyrrum bæjarlistamanni auk kvenkyns rithöfundar mundu dæma en nemendur gætu fengið leiðsögn kennara við ritun smásagna. Úrslit kunngjörð á Barnamenningarhátíð í Garðabæ í apríl 2021. Alls 492 nemendur mundu hitta Gunnar Helgason.

Stefnumót við rithöfund 7., 8., 9., 12. og 13. október í Forvarnarviku Garðabæjar.

Bókanir sendist á: olof@gardabaer.is

10. bekkur í Tjarnarbíói

Rafóperan Music and the Brain eftir Helga Rafn Ingvarsson er óhefðbundin sýning þar sem raftónlist og óperusöngur mætast á mjög áhugaverðan hátt. Óperan fjallar um söngkonu sem verður fyrir heilaskaða og lækni sem rannsakar málið og reynir með óhefðbundnum leiðum að lækna söngkonuna. Rafóperan sló í gegn meðal unglunga í Kópavogi og verður nú sýnd á Óperudögum í Reykjavík. Auk tveggja óperusöngvara flytja verkið flautuleikari og tónskáldið sem leikur á píanó og tölvu.

Sýningar fara fram 2. nóvember.

Bókanir sendist: olof@gardabaer.is

Leikskóli á Bókasafni Garðabæjar

Sögustund og stutt kynning á bókasafninu þar sem meðferð bóka verður m.a. rædd. Spjallað verður um sögu sem lesin verður og lífið og tilveruna, bækur skoðaðar og mynd teiknuð í kjölfarið. Hægt er að óskað eftir að bækurnar sem lesnar eru tengist ákveðnu þema eða höfundum. Bókanir sendist á: bokasafn@gardabaer.is

1.bekkur á Bókasafni Garðabæjar

Framtíðar lestrarhestar fá tækifæri til að læra að umgangast bókasafnið, kynnast töfrum þess og meðferð bóka. Heimsóknin er í formi kynningar og sögustundar dagana 14. – 18. september. Bókanir sendist á: bokasafn@gardabaer.is

4. bekkur á Bókasafni Garðabæjar

Hvar er Valli? Ratleikur um allt safnið sem eykur færni nemenda í að leita og finna bækur á safninu. Dagskráin er í boði dagana 5. – 9. október. Bókanir sendist á: bokasafn@gardabaer.is

6. bekkur á Bókasafni Garðabæjar

Norrænar barnabækur verða í brennidepli í norrænu bókmenntavíkunni í nóvember. Nemendur fá kynningum á höfundum og leysa getraun tengda norrænum ævintýrum og sögum. Heimsóknin stuðlar vonandi að sjálfstæðum heimsóknum nemenda á safnið enda verður bókakostur og bókasafnsskíteini kynnt. Dregið verður úr þátttakendum getraunar og veitt verðlaun í lok nóvember.

Bókanir berist á: bokasafn@gardabaer.is

9. og 10. bekkur í Hönnunarsafni Íslands – áhersla á nýsköpun, sjálfbærni og aðferðafræði hönnunar

100% ull er sýning sem fjallar um íslenskan ullariðnað og möguleikana sem íslenska sauðkindin gefur okkur. Á sýningunni eru áhugaverð dæmi um nýsköpun auk þess sem hún fjallar um tísku, handverk og hljóðvist.

Nemendum er boðið í leiðsögn og spjall um sýninguna með áherslu á nýsköpun, sjálfbærni og aðferðafræði hönnunar. Í kjölfarið er boðið upp á smiðju þar sem áhersla verður á sköpun úr ull, með aðstoð tækninnar en nemendur þurfa að nota eigin síma í hluta verkefna.

Um fróðlega heimsókn er að ræða þar sem sköpunarkraftur nemenda fær að njóta sín en auk forstöðumanns safnsins tekur vörühönnuður á móti hópum. Heimsóknin er um 80 mínútur að lengd en í boði eru 12 heimsóknir sem fara fram eftir hádegi frá 21. september-13.

nóvember. Bókanir með óskadagsetningu og tímasetningu sendist á honnunarsafn@honnunarsafn.is

Auk þess er vert fyrir kennara að hafa í huga:

Sinfóníuhljómsveit Íslands býður upp á eftirfarandi dagskrá sem er skólahópum að kostnaðarlausu en hópar þurfa að koma sér í Hörpu á sinn kostnað. Ólöf getur haft aðkomu að bókunum fyrir skólana.

- Ævintýrið um Dimmalimm og Svanavatnið fyrir leikskólahópa.
- Ævintýrið um Töfraflautuna fyrir yngra stig grunnskólanna.
- Stjörnu-Sævar og Plánetur Holst fyrir unglingastig.

Listasafn Íslands tekur gjarnan á móti hópum frá Garðabæ sem og Þjóðminjasafn Íslands og Náttúruminjasafn Íslands í Perlunni.

Nánari upplýsingar veitir Ólöf Breiðfjörð menningarfulltrúi í síma 820 8550. Bókanir með upplýsingum um fjölda barna, fjölda fullorðinna og óskatíma berist á netfangið olof@gardabaer.is

